



## Minnisblað

Reykjavík 13.03.2020

Til: Heilbrigðisráðherra

Frá: Sóttvarnalækni

**Varðar:** Árétting á minnisblaði sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra frá 12.3.2020 um tillögur um samkomubann.

Sóttvarnalæknir vill áréttta nokkur atriði varðandi minnisblað og tillögur um samkomubann frá 12.3.2020.

- Varðandi takmörkun á skólahaldi telur sóttvarnalæknir að takmörkun skólahalds eigi að standa í 4 vikur þ.e. frá 16.3.2020 kl. 00:01 til og með 13.4.2020.
- Sóttvarnalæknir telur að að í grunnskólum skuli tryggja að ekki séu fleiri en 20 nemendur í kennslu í sömu stofu.
- Tryggt skuli eins og kostur er að nemendur í leikskólum séu í sem minnstu hópum og aðskilin eins og kostur er.

Þórólfur Guðnason,  
sóttvarnalæknir





## Minnisblað

Reykjavík 12.03.2020

**Til:** Heilbrigðisráðherra

**Frá:** Sóttvarnalækni

**Varðar:** Tillaga sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra um samkomubann á Íslandi

**Sóttvarnalæknir að höfðu samráði við landlækni, ríkislögreglustjóra og formann farsóttarnefndar Landspítala óskar eftir því við heilbrigðisráðherra að gefin verði út fyrirmæli um samkomubann á Íslandi. Ákvörðunin er byggð á 2. mg. 12. gr sóttvarnalaga.**

### Tillaga:

*Ráðherra hefur ákveðið að virkja heimildir sóttvarnalaga til að setja á samkomubann. Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 100 manns koma saman. Við öll mannamót þarf auk þess að tryggja að nánd milli manna verði yfir tveimur metrum. Þessi fyriræli til landsins alls.*

**Tilmæli þessi taka gildi frá og með sunnudeginum 15. mars kl 24:00 og gilda þar til annað verður ákveðið**

Með samkomubanni er t.d. átt við eftirfarandi:

- Ráðstefnur, málþing, íþróttaviðburðir og hliðstæða viðburði.
- Skemmtanir, s.s. dansleiki, leiksýningar, bíósýningar og einkasamkvæmi.
- Trúarsamkomur, s.s. messur í kirkjum.
- Starfsemi skemmtistaða, veitingastaða, sundlauga, safna og annarra opinberra staða, þar sem fleiri en 100 einstaklingar geta verið samankomnir samtímis og tryggt sé að nálægð milli einstaklinga verði yfir tveir metrar.

Samkomubann tekur til lokunar framhaldsskóla og háskóla. Grunnskólum og leikskólum skal lokað að hluta þannig að miðað verði við að ekki fleiri en 15 nemendur verði saman á hverjum tíma og tryggt verði að nálægð milli einstaklinga verði yfir tveir metrar sem og að grunnreglum um smitgát og hreinlætisaðgerðir verði fylgt. Samkomubannið nær ekki til alþjóðaflugvalla eða alþjóðahafna. Þar munu sóttvarnaráðstafanir verða eflar enn frekar og rekstaraðilar gangi hart fram við að minnka möguleika á smiti.

**Hættumat:**



Fyrsta tilfelli af veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdóminum var staðfest á Íslandi þ. 28 febrúar 2020. Síðan þá hafa fjölmargir aðrir greinst með sýkinguna og þann 12. mars höfðu 103 einstaklingar greinst. Stór hluti tilfellanna greindust í kjölfar ferða erlendis (Norður-Ítalía, Austurríki, Asía, Bandaríkin).

Þá hafa 22 einstaklingar smitast innanlands, þar af 5 sem þriðja stigs smit. Fyrsta innanlands smitið greindist þ. 6. mars. Þá strax var lýst yfir neyðarstigi almannavarna. Þær upplýsingar sem liggja fyrir gefa sterkar vísbendingar um að veiran sé mjög smitandi og því sé umtalsverð hættu á útbreiddu samfélagslegu smiti.

Tugir starfsmanna Landspítala eru smitaðir eða í sóttkví og gæti frekari útbreiðsla haft umtalsverð áhrif á getu spítalans til að takast á við hlutverk sitt í faraldrinum. Jafnframt verður áskorun að tryggja aðra bráðabjónustu.

Smit á Íslandi hefur nú þegar haft áhrif á getu Landspítala til að veita heilbrigðisþjónustu og kallar það á frekari viðbrögð til að varna því að veiran breiðist hratt út. Nauðsynlegt er að hægja á faraldrinum til að auka líkur á því að heilbrigðiskerfið geti sinnt þeim sem veikjast af COVID-19 ásamt því að sinna annarri bráðabjónustu.

Ef faraldurinn nær hraðri útbreiðslu eru líkur á að geta sjúkrahúsa til að sinna alvarlega veikum einstaklingum muni ekki verða fullnægjandi.

#### **Viðbrögð:**

Til þessa hafa viðbrögð á Íslandi beinst að fljótri greiningu einstaklinga, einangrun sýktra og sóttkví þeirra sem grunaðir eru um smit. Líklegt má telja að þessar ráðstafanir hafi komið í veg fyrir fjölmörg innlend smit.

Auk þess hefur þeim tilmælum verið beint til almenninga að gæta vel að einstaklingbundnum hreinlætisaðgerðum. Fyrirtæki og félagasamtök hafa jafnframt verið hvött til að haga starfsemi sinni samkvæmt leiðbeiningum um sóttvarnir.

Nú þegar hefur þeim tilmælum/leiðbeiningum verið beint til einstaklinga sem teljast til viðkvæmra hópa og þeirra sem starfa með eða umgangast viðkvæma einstaklinga, að forðast fjölmenn mannamót og gæta vel að öllum sýkingavörnum. Leiðbeiningar til þessara aðila hafa verið uppfærðar á heimsíðu embættis landlæknis og sérstök athygli vakin á þeim við fjölmiðla.

Heimsóknarbann er á Landspítala og fleiri heilbrigðisstofnunum, einkum hjúkrunarheimilum. Biðlað hefur verið til heilbrigðisstarfsmanna að fresta utanlandaferðum og Landspítali hefur fellt niður námsferðir heilbrigðisstarfsmanna út marsmánuð. Farsóttarnefnd Landspítala hefur gengið fram með enn strangari reglur um sóttkví starfsmanna og ferðir valinna hópa starfsmanna.

Ofangreind tillaga um samkomubann miðar að því að hægja enn frekar á útbreiðslu COVID-19 í þeim tilgangi að viðhalda starfsgetu heilbrigðiskerfisins.

#### **Samráð:**



Embætti  
landlæknis  
Sóttvarnalæknir

Mikilvægt er að sá tími sem í hönd fer, verði vel nýttur til að hafa samráð við þá aðila sem koma að fjölmennustu mannamótum sem fyrirhuguð eru hér á landi. Þetta eru t.d. menntamálayfirvöld, sveitarfélög, Íþrótt- og ólympíusamband Íslands og ferðaþjónustan.

**Áhrif:**

Fyrirmæli um samkomubann mun hafa mikil áhrif á samfélagið en líklegt verður að telja að heilsufarsávinningurinn réttlæti þau áhrif.

Þórólfur Guðnason,  
sóttvarnalæknir

